

118

15. nóv.

9. gr.

Til að standast kostnað við eftirlitið skulu smjörlikisgerðir greiða árlega í rikissjóð kr. 5,00 fyrir hverja smálest smjörlikis eða brot úr smálest, sem þær framleiða á árinu samkvæmt skýrslu eftirlitsmanns. Gjald þetta fellur í gjald-
daga 1. apríl ár hvert fyrir næsta almanaksár á undan og innheimtist með öðrum skatttekjum rikissjóðs og eftir sömu reglum.

10. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 100 til 500 krónum, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt lögum, og skal farið með brot gegn henni sem almenn lögreglumál, nema um brot á hegningarlögunum sé að ræða.

11. gr.

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. nóvember 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

119

23. nóv.

S A M Þ Y K K T**um forkaupsrétt Akureyrarkaupstaðar á hafnarmannvirkjum o. fl.**

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22, 23. júní 1932, um forkauprétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefir bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar gert eftirfarandi samþykkt:

Akureyrarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á lóðum dánarbús Ragnars Ólafssonar á Oddeyrartanga norðan Gránufélagsgötu, vestur og norður á eignarmörk Akureyrarbæjar og austur til sjávar, ásamt öllum sjávarréttindum.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. nóvember 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.